

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

6. janúar 2023

mál nr. E-48/2022

Andrés Þór Hinriksson og Sif Gunnlaugsdóttir
(*Stefán Bjarni Gunnlaugsson lögmaður*)

gegn

Gunnari Helga Guðmundarsyni
(*sjálfur ólöglærður*)

I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð

1. Mál þetta var höfðað 24. mars 2022 og þingfest fyrir dómnum 5. apríl 2022. Málið var upphaflega höfðað af Sigrúnu Hauksdóttur, en vegna aðilaskipta að réttindum málsins tóku við aðild sóknarmegin Andrés Þór Hinriksson og Sif Gunnlaugsdóttir, bæði til heimilis að Erluási 46, 221 Hafnarfirði. Stefndi er Gunnar Helgi Guðmundarson, Kársstöðum, Helgafellssveit, 341 Stykkishólmi.

2. Stefnendur krefjast þess aðallega að viðurkennt verði með dómi að rétt landamerki milli jarðanna Úlfarsfells, landnúmer 136966, og Örlygsstaða, landnúmer 136971, í Helgafellssveit markist af línu sem dregin er frá sjó við lækjarsytru sem rennur úr Leirlág í Álftafjörð, punktur 1 (hnit: X 330850,2, Y 501460,2), og þaðan um punkt 2 (hnit: X 330588,5, Y 501196,7) í

punktur 3 (hnit: X 330526,5, Y 501157,4) í punktur 4 (hnit: X 330479,9, Y 501187,8) í
punktur 5 (hnit: X 330463,8, Y 501213,2) í punktur 6 (hnit: X 330410,5, Y 501173,8) í
punktur 7 (hnit: X 330418,2, Y 501140,3) í punktur 8 (hnit: X 330372,2, Y 501128,1) í
punktur 9 (hnit: X 330317,8, Y 501145,9) í punktur 10 (hnit: X 330292,9, Y 501109,6) í
punktur 11 (hnit: X 330268,8, Y 501120,4) í punktur 12 (hnit: X 330256,2, Y 501138,4) í
punktur 13 (hnit: X 330225,1, Y 501134,9) í punktur 14 (hnit: X 330214,7, Y 501178,2) í
punktur 15 (hnit: X 330159,2, Y 501193,1) í punktur 16 (hnit: X 330066,3, Y 501135,9) í
punktur 17 (hnit: X 330056,9, Y 501101,6) í punktur 18 (hnit: X 330019,1, Y 501053,1) í
punktur 19 (hnit: X 329990,4, Y 501052,1) í punktur 20 (hnit: X 329951,6, Y 501027,2) í
punktur 21 (hnit: X 329934,6, Y 500981,4) í punktur 22 (hnit: X 329897,4, Y 500942,8) í
punktur 23 (hnit: X 329908,8, Y 500918,6) í punktur 24 (hnit: X 329899,3, Y 500844,8) í
punktur 25 (hnit: X 329870,4, Y 500824,7) í punktur 26 (hnit: X 329880,9, Y 500767,0) í
punktur 27 (hnit: X 329902,9, Y 500749,7) í punktur 28 (hnit: X 329869,8, Y 500737,1) í
punktur 29 (hnit: X 329864,8, Y 500721,2) í punktur 30 (hnit: X 329877,7, Y 500693,4) í
punktur 31 (hnit: X 329843,0, Y 500628,1) í punktur 32 (hnit: X 329843,0, Y 500599,4) í
punktur 33 (hnit: X 329745,2, Y 500398,2) í punktur 34 (hnit: X 329717,1, Y 500380,2) í
punktur 35 (hnit: X 329722,3, Y 500350,9) í punktur 36 (hnit: X 329537,6, Y 500226,5) í
punktur 37 (hnit: X 329533,9, Y 500141,8) í punktur 38 (hnit: X 329577,9, Y 500051,0) í
punktur 39 (hnit: X 329573,6, Y 500017,6) í punktur 40 (hnit: X 329591,6, Y 499979,0) í
punktur 41 (hnit: X 329638,7, Y 499957,2) í punktur 42 (hnit: X 329697,2, Y 499888,0) í
punktur 43 (hnit: X 329701,7, Y 499828,9), sem er Hnappárfoss, og þaðan í
punktur 44 (hnit: X 329539,1, Y 498528,4), sem er Sjónarborg, og þaðan í
punktur 45 (hnit: X 329596,1, Y 497785,9) í punktur 46 (hnit: X 329589,3, Y 497766,3) í
punktur 47 (hnit: X 329557,2, Y 497713,8) í punktur 48 (hnit: X 329478,0, Y 497526,4) í
punktur 49 (hnit: X 329491,3, Y 497445,8) í punktur 50 (hnit: X 329477,7, Y 497387,9) í
punktur 51 (hnit: X 329382,7, Y 497295,7) í punktur 52 (hnit: X 329295,0, Y 497245,2) í
punktur 53 (hnit: X 329192,0, Y 497140,6) í punktur 54 (hnit: X 329126,7, Y 497090,4) í
punktur 55 (hnit: X 329029,4, Y 496974,9) í punktur 56 (hnit: X 328957,0, Y 496834,9) í
punktur 57 (hnit: X 328973,8, Y 496695,2) í punktur 58 (hnit: X 329205,1, Y 496444,4), sem
er hæsti tindur í Írafelli.

3. Til vara er þess krafist, ef dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að landamerkjalyásing frá júlí 1884 sé gild og henni ekki vikið til hliðar, að þá hafi stefnandi hefðað það land sem fellur innan þeirrar línu sem dómkrafa í aðalsök fellur undir Úlfarsfell og því séu landamerki milli jarðanna Úlfarsfells og Örylgsstaða eins og landamerkjálína (hnit) í aðalsök greinir.

4. Stefnendur krefjast þá málskostnaðar úr hendi stefnda.

5. Stefndi krefst sýknu í málinu og málskostnaðar úr hendi stefnenda.

6. Aðalmeðferð hófst á vettvangsgöngu á ágreiningslandinu og fór hún fram föstudaginn 18. nóvember sl. og hófst í ágætu skyggni kl. 14:00. Mættir voru upphaflegir aðilar málsins ásamt lögmonnum sínum auk annarra áhugasamra sem tengdust aðilum málsins. Aðalmeðferð var framhaldið í dómsal föstudaginn 9. desember sl. og málið dómtekið að henni lokinni.

5. Við aðalmeðferð gaf stefndi stutta aðilaskýrslu. Einnig gáfu skýrslur Guðmundur Guðjónsson, fyrrverandi starfsmaður Rala, sem gerði gróðurkort af svæðinu og dró þá upp merki, Hólmfríður Hauksdóttir frá Hofsstöðum og Bjarni Þór Bjarnason sem bjó um árabíl á nálægum bæ. Framburðar verður getið eins og þurfa þykir við úrlausn málsins.

II. Málsatvik

6. Ágreiningur málsins snýst um merki milli eyðijarðanna Örlygsstaða og Úlfarsfells en báðar þessari jarðir voru áður eign íslenska ríksins. Með afsali í janúar 1967 eignaðist Guðmundur Gíslason, bóndi á Kársstöðum, Örlygsstaði af ríkinu. Haukur Sigurðsson, bóndi á Arnarstöðum, eignaðist með sama hætti Úlfarsfell einnig af ríkinu og fékk afsalsbréf fyrir jörðinni í maí 1970. Báðar þessar sölur fóru fram á grundvelli laga sem samþykkt voru að tillögum framangreindra, með meðmælum frá hreppsnefnd og eftir umsögn héraðsráðunautar; annars vegar lögum nr. 45/1966 vegna Örlygsstaða og hins vegar lögum nr. 37/1969 vegna Úlfarsfells.

7. Í framangreindum afsölum er merkja í engu getið, en tekið fram að ríkið taki ekki ábyrgð á ágreiningi sem upp kunnir að koma vegna merkja jarðanna. Stefndi hefur lagt fram gögn um að kaupverð Örlygsstaða 1967, sem nam þá 30.000 krónum, framreiknað til kaupdags á Úlfarsfelli 1970 fyrir 25.000 kr., nemi 46.978 kr. eða næstum tvöföldu verði Úlfarsfells. Stefnendur benda á að þetta eigi sér eðlilegar skýringar í stærð landsins.

8. Framangreindir aðilar, sem hafa tekið við sem stefnendur málsins, eru nú þinglýstir eigendur jarðarinnar Úlfarsfells, landnúmer 136966, og eignuðust þau jörðina með afsali 7. júlí 2022 frá upphaflegum stefnanda málsins, Sigrúnu Hauksdóttur, sem hafði eignast jörðina með afsali

þann 6. febrúar 2015 frá föður sínum, Hauki Haukssyni, sem eignaðist jörðina 1984 frá föður sínum, Hauki Sigurðssyni, sem eignaðist jörðina 8. maí 1970.

9. Jörðin Úlfarsfell í eigu stefnenda, á landamerki að Örlygsstöðum, landnúmer 136971, en jörðin Örlygsstaðir er þinglýst eign stefnda. Stefnendur, eða öllu heldur forverar þeirra, kveðast ávallt hafa talið að landamerki milli jarðanna Úlfarsfells og Örlygsstaða væru þau sem gerð er dómkrafa um, og kveðast hafa haft eigendur Úlfarsfells og aðra kunnuga fyrir því. Þegar eigendur Úlfarsfells ætluðu að fara að skrá landamerkin eftir þessum merkjum hafi komið í ljós að samkvæmt landamerkjaskrá fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu voru landamerkin milli jarðanna sögð önnur og þeim lýst þannig: „Bein sjónhending úr gili, sem liggur ofan Botndalsborg og ofan í miðja Vaðalshöfða til sjóar.“ Landamerkjalyking þessi er skráð og undirrituð í júlí 1884.

10. Eigendur Úlfarsfells hafa hafnað þessum landamerkjum og talið þau ekki rétt og hafa að sögn ítrekað reynt að fá þessu breytt en núverandi eigandi jarðarinnar Örlygsstaða beri fyrir sig ofangreinda landamerkjalykingu frá 1884 sem fram komi í landamerkjaskránni. Fyrri eigendur Úlfarsfells leituðu til sýslumanns 1991 (landamerkjadóms); þar voru reyndar sættir af hálfu sýslumanns en án árangurs. Málið var þá fellt niður.

11. Stefnendur hafa látið hnitsetja landamerkin samkvæmt dómkröfu. Stefnendur telja sig knúna til að leita réttar síns og fá landamerkjalykingunni frá 1884 hnekkt og merki viðurkennd í samræmi við dómkröfur þeirra.

III. Helstu málsástæður og lagarök stefnenda

12. Stefnendur byggja á því að landamerki eins og þau sem færð eru í landamerkjaskrá fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1884 geti ekki verið rétt miðað við staðhátu. Merkjum er þar lýst með eftirfarandi hætti:

„Bein sjónhending úr gili, sem liggur ofan Botndalsborg og ofan í miðja Vaðalshöfða til sjóar.“

13. Stefnendur vísa til þess að enginn kannist við þessa landamerkjalykingu og lýsingin gangi heldur ekki upp. Ekkert gil sé sjáanlegt ofan Botndalsborgar, hvorki á kortum né í örnefnaskrá fyrir jarðirnar.

14. Stefnendur og forverar þeirra hafi alltaf talið að landamerkin liggi eins og þeim hafi verið lýst af kunnugum mönnum í sveitinni og að merki milli jarðanna séu því svofelld:

„Af hæsta tindi á Írafelli, sjónhending í Sjónarborg og þaðan áfram niður sjónhending í Hnappárfoss. Svo ræður Hnappá landamerkjum að melhrygg, sem liggur á milli Hnappár og Leirlágar, eftir honum eru landamerkin í Leirlág og eftir henni í lækjarsytru sem rennur úr Leirlág í Álftafjörð og ræður hún landamærum til sjávar.“

15. Stefnendur byggja á því í málinu að ógilda beri landamerkjaskrána frá 1884.

16. Skráin sé ekki undirrituð af réttum aðilum, en þeir sem skrifi undir skrána séu annars vegar Ásmundur Sveinsson umboðsmaður, sem skrifi undir önnur merki í kaflanum, og hins vegar Jón Guðmundsson fyrir jörðina Örlygsstaði. Enginn skrifi fyrir hönd leiguliða á Úlfarsfelli. En sá sem leigt hafi jörðina frá 1882, ótímabundið samkvæmt byggingarbréfi, hafi verið Þórarinn Árnason, sbr. byggingarbréf útgefið af umboðsmanni yfir Skógarstrandarumboði 6. júní 1882. Þórarinn skrifi ekki undir landamerkjálýsinguna frá 1884 en honum hafi borið að gera það, sbr. ákvæði 1. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 5/1882 til að um fullgilt landamerkjabréf væri að ræða.

17. Til að landamerki verði gild þá þurfi þau að vera undirrituð af öllum eigendum aðliggjandi jarða, sbr. 1.-3. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882, en svipuð ákvæði séu í núverandi landamerkjalögum nr. 41/1919. Ásmundur Sveinsson riti einn undir landamerkjálýsinguna en ekki leiguliði, ábúandi á Úlfarsfelli. Stefnendur telja að Ásmundur hafi ekki þekkt til landamerkja milli jarðanna. Ásmundur þessi hafi einungis verið umboðsmaður í nokkur ár frá 1882-1885. Stefnendur álíta áritun hans helst til komna vegna mikils þrýstings frá stjórnvöldum á þessum tíma um að gerð væru landamerkjabréf. Í ljósi þessa séu landamerkin milli Úlfarsfells og Örlygsstaða sem fram komi í landamerkjaskrá Snæfelssness- og Hnappadalssýslu frá 1884 röng og beri að ógilda skrána.

18. Stefnendur telja umræðu sem hafi verið á Alþingi fyrir setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 varpa ljósi á málið, en þá hafi mjög verið rætt um að landamerki milli jarða væru óglögg og í mikilli óvissu og mikil þörf talin á að gera mönnum kleift að vernda eignarrétt sinn sem einnig hafi verið talið í þágu atvinnulífsins. Þetta hafi endað með setningu eldri landamerkjalaga nr.

5/1882 og til að framfylgja þeim og þessum markmiðum hafi mikill þrýstingur verið og m.a. verið yfirvofandi yfir landeigendum sektargreiðslur ef ekki yrði frá gengið.

19. Ef dómurinn kemst að því að landamerkjaskráin frá 1884 sé talin gildur samningur þá telja stefnendur að víkja beri landamerkjaskránni til hliðar með vísan til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 þar sem hún sé bersýnilega ósanngjörn þar sem landeigendur kannist ekki við þau landamerki sem lýst sé þar. Þá sé þess og getið að landeigendur hafi nýtt jarðirnar með þeim hætti sem lýst sé í landamerkjalýsingu Benedikts Jónssonar sem lögð sé fram í málinu. Með vísan til þessa telja stefnendur að víkja beri landamerkjalýsingunni frá og samþykkja landamerkjalýsinguna eins og henni sé lýst í dómkröfum stefnenda.

20. Stefnendur vísa um rökstuðning fyrir réttum merkjum til manna sem búið hafi á Úlfarsfelli, Örlygsstöðum og Kársstöðum sem eru nærliggjandi jarðir.

21. Benedikt Jónsson (f.1908), sonur Jóns Benediktssonar sem var bóndi á Úlfarsfelli frá 1899, en Benedikt hafi verið bóndi á Úlfarsfelli til 1954, votti að jarðirnar Úlfarsfell og Örlygsstaðir hafi verið nytjaðar ágreiningslaust samkvæmt landamerkjum sem hann lýsi svo:

„Af hæsta tind á Írafelli, sjónhending í Sjónarborg, og þaðan áfram niður sjónhending í Hnappárfoss. Svo ræður Hnappá landamerkjum að melhrygg, sem liggur á milli Hnappár og Leirlágar, eftir honum eru landamerkin í Leirlág, og eftir henni í lækjarsytru sem rennur úr Leirlág í Álftarfjörð og ræður hún landamerkjum til sjávar.“

Stefnendur hafa látið hnitsetja landamerkin miðað við þessa lýsingu, sbr. framlagt kort Loftmynda ehf.

22. Sigurður Kristjánsson (f.1902) votti þá að landamerkin séu með eftirfarandi hætti:

„Úr Hnappárfossi sjónhending í Sjónarborg þaðan sjónhending í hæsta tind á Írafelli. Hnappá ræður landamerkjum niður að melhrygg sem liggur á milli Hnappár og Leirlágar eftir honum eru landamerkin í Leirlág og eftir henni í lækjarsytru sem rennur úr Leirlág í Álftarfjörð og ræður hún landamerkjum til sjávar.“

Hann tekur fram í vottorðinu að hann hafi engra hagsmuna að gæta.

23. Ágúst Lárusson (f.1902), sem verið hafi vinnumaður á Kársstöðum, votti að Kristján Guðmundsson (f.1872), sem búið hafi á Örlygstöðum í 17 ár, hafi keypt öll þau ár vetrararbeit af Vaðilshöfðabökkum af Jóni Benediktssyni ágreiningslaust. Hann vísi í landamerkjalytingu Jóns Benediktssonar og telur það vera landamerkin.

24. Að lokum sé vísað til Guðmundar Guðjónssonar, hagnýtingardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Rala), sem hafi gert landamerkja/gróðurkort milli Úlfarsfells og Örlygsstaða. Guðmundur segi í bréfi sínu 28. október 1992 að hann hafi verið að gera gróður-og jarðakort fyrir Rala og finni þá hjá sýslumanni landamerkjaskrána frá 1884. Viðkomandi landeigendur, Haukur Hauksson og Guðmundur Gíslason, hafi ekki kannast við þá lýsingu sem þar sé getið og hafi þeir verið sammála um að merkjum væri þar ekki rétt lýst.

25. Hafi þeir lýst landamerkjum milli jarðanna sem hann hefði sett inn á gróður- og jarðakort og verið sammála þeim merkjum sem þar komu fram en þar lýsi þeir merkjunum svo:

„... eru merkin sett frá Skektutauga upp í Hnappá um ofanverða Leirlág. Þaðan eftir Hnappánni upp að fossi. Úr fossinum í beina sjónhendingu í Sjónarborg og þaðan aftur beina sjónhendingu í Gullkistu sem er austast í hamrabelti í Írarfelli. Þaðan er fylgt hryggjum stystu leið upp að vatnaskilum.“

26. Þarna séu eigendur jarðanna að lýsa fyrir starfsmanni Rala hvernig landamerkin eru, þeir séu sammála um þau og verði því að teljast bindandi fyrir eigendur jarðanna. Núverandi eigendur eiga ekki betri rétt en þann sem þeir leiði rétt sinn af. Núverandi eigandi Örlygsstaða sé því bundinn af þessu að mati stefnenda.

27. Stefnendur vísa þá til örnefnaskrár sem gefin sé út af Örnefnastofnun en yfir jörðina Örlygsstaði segi svo um landamerki milli jarðanna:

„Landamerki milli Örlygsstaða og Úlfarsfells er lækjarsytra, er fellur úr Leirlág og rennur í Álftafjörð, síðan eru merkin eftir Leirlág í Hnappá, en hún ræður merkjum til sinnar upptöku.“

28. Í sömu örnefnaskrá yfir jörðina Úlfarsfell segi svo um landamerki milli jarðanna:

„Inn frá djúpaskurði eru móar og melholt, en grasivaxin laut gengur upp í holtin frá firðinum, er heitir Leirlág (36), ræður hún landamerkjum milli Úlfarfells og Örlygsstaða; milli Leirlágar og Hnappár (37) er melhryggur, eftir honum eru merkin og í Hnappá, sem er smáá, er kemur sunnan úr háfjalli og fellur eftir Botnsdal.“ Síðan segir í sömu örnefnaskrá um landamerkin „úr Sjónarborg eru landamerki milli Úlfarsfells og Örlygsstaða sjónhending í Hnappárfoss og aftur úr borginni suður í Írafell (59), sem er hátt klettafjall austan við Háskarð, en norðan eða norðvestan við Ljósufjöll.“

Þarna sé enn og aftur fjallað um sömu landamerkin og stefnendur haldi fram og komi fram í dómkröfum þeirra.

29. Stefnendur vísa og til ritsins Byggðir Snæfellsness 1977 þar sem komi fram að á mörkum jarðanna Örlygsstaða og Úlfarsfells sé Hnappá.

30. Í riti Skógræktarfélag Íslands frá 1958 skrifi Guðbrandur Sigurðsson (f.1872), hreppstjóri sveitarinnar, grein um skóga í sveitinni og tali um hvar skóglendi hafi verið og skilji Örlygsstaði og Úlfarsfell að með Hnappá í textanum.

31. Þarna sé enn og aftur fjallað um sömu landamerkin og stefnendur haldi fram og komi fram í dómkröfum stefnenda. Því sé ljóst að mati stefnenda að litið hafi verið svo á að landamerki milli jarðanna væru þau sem lýst sé í dómkröfum en ekki þau sem getið sé í landamerkjaskránni frá 1884. Hreppstjóri, vinnumenn, örnefnaskrá og bændur, allir kunnugir staðháttum, telji að landamerkin séu með þeim hætti sem um sé getið í dómkröfum stefnenda.

32. Ef dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að landamerkjaskráin frá 1884 standi og ekki beri að víkja henni til hliðar þá gera stefnendur varakröfu á þeim grundvelli að öll skilyrði hefðar séu fyrir hendi. Stefnendur telji að land Úlfarsfells hafi alla tíð verið nýtt með þeim hætti sem lýst sé í rökstuðningi í aðalsök og vísa stefnendur til þeirra raka fyrir varakröfu sinni. Eigendur Úlfarsfells hafi nýtt landið meðal annars undir skógrækt og plantað umtalsverðu magni af trjám og plantað í það svæði sem félli utan lands Úlfarsfells ef landamerkin skv. landamerkjaskránni frá 1884 stæðu. Þetta hafi verið gert án athugasemda eiganda Örlygsstaða. Eigendur Úlfarsfells hafa ætíð litið á landið sem eign sína.

33. Landið hafi verið nýtt af eigendum Úlfarsfells og komi það vel fram í vottorði frá Ágústi Lárussyni (f.1902), sem hafi verið vinnumaður á Kársstöðum, og votti að Kristján Guðmundsson (f.1872), sem búið hafi á Örlýgstöðum í 17 ár, hafi keypt öll þau ár vetrarþétt af Vaðilshöfðabökkum af Jóni Benediktssyni ágreiningslaust. Þá komi einnig fram í umræddu vottorði að Jón Benediktsson og Benedikt Jónsson, sonur hans, hafi búið a.m.k. í 55 ár á Úlfarsfelli og verið þar bændur og alltaf hafi verið litið á landamerkin með þeim hætti sem í lýsingu Benedikts sé getið um. Landið hafi alltaf verið nýtt af bændum Úlfarsfells. Vegur að Úlfarsfelli sé með læstu hliði sem tálmi alla umferð að landi stefnenda. Öll umferð sé þar takmörkuð nema með þeirra leyfi. Þá hafi Vegagerðin fengið mól úr námum í landi stefnenda. Stefnendur og þeir sem þeir leiða rétt sinn af hafi átt Úlfarsfell í meira en 50 ár eða frá 1970, því séu skilyrði hefðarlaga um eignarhefð uppfyllt og hafi landið ætíð verið nýtt í þágu eigenda Úlfarsfells og verið farið með svæðið sem eign Úlfarsfells frá því fyrir aldamótin 1900.

34. Stefnendur telja því skilyrðum hefðarlaga nr. 46/1905 vera fullnægt, sérstaklega ákvæðum 1.-4. gr. laganna og eigendur Úlfarsfells hafi hefðað landið.

III. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

35. Stefndi telur ljóst að þegar framangreindir bændur keyptu jarðirnar af íslenska ríkinu 1967 og 1970 hafi þeim verið kunnugt um landamerkjalyýsingu fyrir jarðirnar, og einkum og sérílagi hafi Haukur Sigurðsson mátt þekkja tilvist hennar enda hreppstjóri og verið stöðu sinnar vegna betur kunnugur en flestir aðrir um merki jarða og færslur í landamerkjaskrá.

36. Stefndi áréttar að eigendur Örlýgsstaða hafi aldrei viðurkennt önnur merki og það hafi komið föður stefnda í opna skjöldu þegar Haukur Hauksson hafi gert kröfur sínar 1991 sem að framan er lýst.

37. Stefndi telur óljóst með öllu á hverju stefnendur byggja þegar því sé haldið fram að kunnugir á svæðinu sem og eigendur Úlfarsfells hafi ætíð haldið því fram að merki væru þau sem byggt væri á í stefnu. Séu fullyrðingar þessar enda úr lausu lofti gripnar að mestu og hafi aldrei verið viðurkenndar og beinlínis hafnað sem röngum, m.a. í framangreindu máli sem rekið hafi verið hjá sýslumanni.

38. Stefndi vísar til þess að merki jarðanna hafi verið dregin ásamt merkjum fimm annarra jarða í júlí 1884. Skýrslan um landamerki þjóðjarða hafi verið undirrituð af leiguliðum og umráðamönnum jarðanna, samtals þarna um þrettán manns, og skráð merki því væntanlega mörgum kunn. Landamerkjaskrá hafi þá verið alla tíð aðgengileg á sýsluskrifstofunni og engin leynd hvílt yfir henni.

39. Því sé mótmælt að undirritun í landamerkjaskrá hafi verið ófullnægjandi skv. lögum nr. 5/1882.

40. Vegna fullyrðingar í stefnu um að skráð merkjalýsing gangi ekki upp, þar sem ekkert gil sé ofan Botnsdalsborgar, bendir stefndi á að sjónhending af Botnsdalsborg í Vaðalshöfða sé fullkomlega skýr lína sem gangi vel upp.

41. Stefndi gerir þá athugasemd við landamerkjalinu samkvæmt kröfugerð stefnanda að hún sé í hróplegu ósamræmi við merkjalýsingu í landamerkjabók. Stefndi bendir á að engar nákvæmar skýringar séu gefnar á því í stefnu á hverju og hvaða gögnum kröfulína málsins byggist.

42. Kröfu stefnanda um ógildingu skráðra landamerkja á grundvelli 36. gr. samningalaga er mótmælt og bent á í því sambandi að þegar landamerkjalyking hafi verið skráð hafi jarðirnar verið í eigu sama aðila og þær síðan seldar nýjum eigendum með sömu merkjum.

43. Varðandi framlagðar yfirlýsingar í málinu, telur stefndi augljóst að þeirra hafi verið aflað í tengslum við fyrra mál vegna merkjana. Við rekstur þess hafi þeir sem yfirlýsingarnar gefa verið orðnir háaldraðir menn og ólíklegt að þeir hafi átt þessar lýsingar í handraðanum. Ágúst Lárusson og Haukur Sigurðsson hafi verið svilar og Hólmfríður Hauksdóttir systir Hauks Haukssonar, fyrrverandi eiganda Úlfarsfells. Augljóst sé að meta verði yfirlýsingarnar með hliðsjón af þessum tengslum. Einnig bendir stefndi í greinargerð sinni á atriði sem draga úr gildi yfirlýsinganna enn frekar sem og rangfærslur að hans mati.

44. Yfirlýsingu Guðmundar Guðjónssonar frá 28. október 1992 um landamerki Úlfarsfells er mótmælt. Stefndi rifjar upp að faðir hans hafi verið mjög argur yfir heimsóknum Guðmundar eða jafnvel einhvers annars manns m.v. framburð fyrir dómi í þrígang. Hann hafi sýnt honum ýmis kennileiti en ekki samþykkt nein merki. Hafi hann sagst þurfa að setja niður einhver merki

á gróðurkortið sem hann hafi verið að vinna í, en slíkt væri ekki skuldbindandi fyrir landeigendur.

45. Stefndi hafnar því þá að merki verði byggð á örnefnaskrá. Fullyrðingar eigenda annarra jarða um örnefni og merki í fjarveru eiganda Örlygsstaða geti enga þýðingu haft. Þá mótmælir stefndi því að Hnappá ráði merkjum að jafn miklu leyti og stefnendur vilja meina, en vissulega liggi áin á löngum kafla með merkjum.

46. Varðandi sjónarmið stefnenda um hefð, þá mótmælir stefndi því að eignarréttur hafi unnist fyrir hefð. Það land sem um ræði hafi um áratugaskeið verið nýtt sem beitarland fyrir alla nærliggjandi bæi. Stefndi telur ósannað hvaða not stefnendur hafi sérstaklega haft af svæðinu eða hvenær slík not hafi hafist; hvort sem þar verði vísað til trjáræktar eða vegna umferðarréttar. Námaréttindi á jörðunum hafi ekki fylgt með við afsal þeirra frá ríkinu á sínum tíma og stefndi því ekki amast við efnistöku úr landinu.

V. Niðurstaða

47. Undir aðalmeðferð málsins var staðfest af lögmanni stefnenda að aðal- og varakrafa málsins væri í raun sama krafa, þ.e. varðandi það landsvæði sem krafist væri að tilheyrði Úlfarsfelli, en einungis væri byggt á öðrum sjónarmiðum til stuðnings kröfu. Annars vegar væri byggt á því að merkjum samkvæmt kröfu væri með kröfugerð í stefnu rétt lýst miðað við gögn málsins þvert á gildandi landamerkjaskrá, og hins vegar því að þau merki ættu ella að ráða á grundvelli hefðar.

48. Aðalkröfu sinni freista stefnendur að ná fram með því að ógilt verði þinglýst landamerkjalyásing jarðanna frá 1884, sbr. lýsingu á málsástæðum þeirra. Sú undirliggjandi krafa stefnenda og málsástæða er strangt til tekið ekki í samræmi við dómkröfur þeirra. Til að fá landamerkjalyásinguna raunverulega ógilta hefði slík krafa þurft að rata í kröfugerðina sjálfa auk þess sem hún hefði þá vafalaust þurft að takmarkast við lýsingu á merkjum milli Örlygsstaða og Úlfarsfells, en stefnendur eiga vitaskuld ekkert með að krefjast ógildingar á yfirlýsingunni í heild og ekki sjáanlega lögvarða hagsmuni af slíkri kröfu.

49. Fallast verður þó á að kröfugerð í málinu sé skýr til að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt með málsókn stefnenda, þ.e. að fá ný merki viðurkennd. Eins og lögmaður stefnenda

áréttaði við aðalmeðferð þá myndi dómur hvorki ógilda með öllu eða að hluta gildandi landamerkjaskrá þótt augljóst væri að ef fallist yrði á kröfur stefnenda í málinu myndi sú niðurstaða dómsins ganga í berghögg við þinglýsta landamerkjaskrá. Dómurinn telur þetta samræmast tíðkanlegri kröfugerð í málum sem þessum.

50. Líkt og stefnendur hafa bent á var landmerkjaskrá sú sem hér um ræðir unnin eftir setningu laga nr. 5/1882. Eins og lögskýringargögn bera með sér var þar um að ræða átak í því að skýra landamerki á landinu öllu. Fyrir gildistöku laganna var þannig mikil umræða á Alþingi um að nauðsynlegt væri að landamerki jarða yrðu skýrð og skráð en með lögunum var tilgangurinn að koma á fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis. Lagasetningin hefur verið skýrð sem hluti af þeirri viðleitni löggjafans að koma á traustum grunni fyrir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna. Skyldan til að skrá merki, auk ítaka og annarra hlunninda, var lögð á eigendur jarðanna og þurfti þá til eðli máls samkvæmt samþykki eigenda aðliggjandi jarða. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var þessi skipan tryggð frekar í sessi með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Til frekari tryggingar skyldu valdsmenn í hverju umdæmi ganga úr skugga um að merkjaskrá hefði verið þinglýst og samþykki þeirra sem þurfti til væru til staðar.

51. Engar eldri heimildir hafa verið lagðar fram í málinu. Engir löggerningar eða aðrar heimildir kasta þannig neinni rýrð á gildandi skráð merki jarðanna frá 1884, en ekkert liggur heldur fyrir um að þegar merkin voru skráð niður hafi einhver ágreiningur verið uppi um landamerki milli jarðanna. Í því sambandi athugast þó að Örlygsstaðir og Úlfarsfell voru í eigu sama aðilans sem vissulega dregur eitthvað úr sönnunargildi skrárinnar, en þó helst á þann veg að sönnunargildið hefði vafalaust verið meira ef sinn hvor eigandinn hefði skráð og samþykkt. Þá hafa stefnendur bent á að umráðamaður, leiguliði, Úlfarsfells virðist ekki hafa ritað undir skrána líkt og aðrir leiguliðar hafi gert. Eftir sem áður er engin ástæða til annars en að ætla mönnum að hafa skráð merkin eins og þeir töldu þau réttust. Þessi skipan hélst svo með öllu óbreytt og án nokkurra sýnilegra athugasemda þar til rúmri öld eftir skráninu þegar þáverandi eigandi Úlfarsfells freistaði þess að ná fram breytingu á merkjum frá þeim sem þinglýst eru 1991.

52. Af málalíbúnaði stefnenda verður ráðið, að mati dómsins, að þau telja að frumskilyrði þess að fallist verði á dómkröfur þeirra sé að litið verði framhjá þinglýstu landamerkjabréfi vegna þess að það hafi ekki verið undirritað af réttum aðilum og geti því ekki verið skuldbindandi

fyrir landeiganda nú. Endurspeglast þetta í orðalagi varakröfu þeirra. Dómurinn telur þessa málsástæðu ekki standast og séu jafnvel þannig efni til að hafna aðalkröfum stefnenda þegar af þeirri ástæðu, en dómurinn telur allt að einu rétt að fjalla um önnur rök sem stefnendur færa fyrir því sem þau telja rétt merki.

53. Þegar deilur koma upp um landamerki og gögn teljast fátækleg um rétt merki og tveir eða fleiri kostir geta talist líklegir við ákvörðun merkja eða viðmiðunarpunktur hafa jafnvel horfið vegna rasks eða annars, þarf að leysa úr slíku með heildarmati á því hvað geti talist eðlilegt að menn hafi miðað við. Þar geta þá komið til skoðunar t.a.m. atriði eins og lands- og staðhættir, gróðurfar, landkostir og á stundum örnefni sem á er byggjandi. Einnig hlýtur að koma til skoðunar hverju sinni hvernig eigendur og eða ábúendur hafa umgengist land og afmarkað það, þótt slík afnot hafi ekki leitt til þess að land hafi hefðast. Þessi sjónarmið hafa þó mun minna vægi eðli máls samkvæmt þegar þess er freistað að vefengja þinglýst merki líkt og hér um ræðir þótt sjálfsagt sé að horfa til þeirra.

54. Í þessu máli athugast í fyrstu að deilusvæði aðila er lítið og hvorki verður ráðið af vettvangsgöngu né málalíbúnaði aðila að af svæðinu megi hafa not sem talist geta umtalsverð við fyrstu sýn. Landkostir virðast þannig takmarkaðir þótt vissulega sé þarna um láglandi að ræða, en lítið er um láglandi á jörð stefnenda miðað við núgildandi merki. Í málinu er að mati dómsins ekkert sem gefur eindregið til kynna að not stefnenda eða forvera þeirra af landinu hafi verið með þeim hætti að þeir hafi litið á það sem eignarland sitt eða að stefndi eða hans forverar hafi nokkru sinni litið svo á. Ekki hefur t.a.m. verið sýnt fram á að eigendur Úlfarsfells hafi haft einkabeitarrétt á svæðinu heldur í raun þvert á móti bendir ýmislegt til þess að fé annarra bænda hafi gengið þar afskiptalaust um. Hið sama á við um berjatínslu og skotveiði. Veiði á silungi fyrir landinu eins og henni hefur verið lýst gefur þá stefnukröfum afar lítinn byr ef nokkurn.

55. Þá er ekki hægt að fallast á að merki eins og stefnendur lýsa þeim og telja rétt séu með einhverjum hætti rökréttari út frá kennileitum og náttúrulegum aðstæðum og landháttum. Að vísu er tilvísun til Hnappár og að hún ráði merkjum nokkuð rökrétt en stefndi bendir þó á að þinglýst merki liggi á löngum kafla með ánni þótt hún ráði ekki merkjum alfarið. Er það enda svo að þegar Hnappá sleppir í kröfugerð stefnenda er lína dregin með nokkuð óljósum hætti og án skýringa beint niður í sjó í stað þess að fylgja ánni áfram. Tilvist Hnappár á svæðinu, sem er afar lítið vatnsfall miðað við gögn málsins og þannig hvergi nafngreind á framlögðum kortum

málsins utan til skýringar á kröfugerð, getur þannig ekki skipt sköpum í málinu eða rennt sérstökum stoðum undir kröfugerð stefnenda. Með sama hætti mætti þá segja það undarlegt af hverju ekki hafi verið miðað við ána í merkjalýsingu þeirri sem um er deilt ef um jafn augljóst viðmið var að ræða líkt og stefnendur byggja á. Jafn undarlegt væri þá hvers vegna ánni væri þá ekki fylgt alla leið til sjávar.

56. Í örnefnalýsingu Þorleifs Jóhannessonar vegna Úlfarsfells er lýst Vaðalshöfða fyrir innan Bólstaðarsléttlendið sem allstórum og háum höfða. Þorleifur lýsir merkjum jarðanna með svipuðum hætti og kröfugerð stefnenda hljóðar, og hefur þannig ljóslega verið ókunnugt um þinglýst merki. Höfðanum er þó lýst skilmerkilega og sem áberandi kennileiti. Verður enda að fallast á að það viðmið sé alls ekki ólíklegt frekar en hvað annað. Vangaveltur stefnenda um að með tilvísun í „miðja Vaðalshöfða“ sé ekki vísað til einhvers háhöfða heldur lengra svæðis styðja ekki við kröfugerð þeirra þótt á væri fallist, miðað við nágrenni höfðans sjálfs. Á gróðurkorti Rala, sem að framan er getið, er fátt um örnefni en Vaðalshöfða skýrlega getið og staðsettur þar sem stefndi byggir á. Dómurinn telur þannig ekki hægt að velkjast í vafa um hvar Vaðalshöfði sé, a.m.k. alls ekki þannig að styðji við kröfugerð stefnenda í málinu.

57. Dómurinn telur því ekki að sjónarmið í framangreinda veru styðji frekar við kröfur stefnenda í málinu heldur en við núgildandi merki þannig að nokkur áhrif geti haft við úrlausn málsins og að augljóst megi þannig vera að merkin hljóti að vera önnur en greinir í landmerkjabréfi. Í því sambandi athugast varðandi efri hluta merkja, sem samkvæmt gildandi landamerkjabréfi er sagður „Bein sjónhending úr gili sem liggur ofan Botnsdalsborg“, að það viðmið getur ekki valdið miklum vandkvæðum þar sem ekki virðist ágreiningur um hvar Botnsdalsborg sé þótt aðila greini á um hvar umrætt gil ofan við sé eða hvort þar sé yfir höfuð gil að finna. Hvar nákvæm merki liggja að þessu leyti er hins vegar ekki úrlausnarefni í málinu enda ekki verið gerð krafa í þá veru og slík merki ekki verið dregin upp og hvað þá hnitsett.

58. Í málinu liggja fyrir yfirlýsingar sem stefnandi vísar til um rétt merki. Í fyrsta lagi yfirlýsing frá Benedikt Jónssyni, fyrrum bónda á Úlfarsfelli, fæddur 1908, sem var útgefin 22. desember 1990, í öðru lagi yfirlýsing, sem undirrituð er af Báru Guðmundsdóttur en sögð er stafa frá Sigurði Kristjánssyni sem bjó á Örlygsstöðum frá fæðingu í júní 1902 til sautján ára aldurs, sem undirrituð er átta dögum síðar eða 30. desember 1990, og í þriðja lagi yfirlýsing Ágústs Lárussonar, sem var vinnumaður um hríð á Kársstöðum, frá 6. janúar 1991.

59. Gildi þessara yfirlýsinga er afar takmarkað fyrir úrlausn málsins. Allar taka þær ljóslega mið af lýsingu í örnefnaskrá Þorleifs og eru mjög líklega skráðar niður eftir henni og tilefnið nokkuð örugglega það er Haukur Hauksson, bóndi á Arnarstöðum, freistaði þess að fá merkjum breytt með erindi til sýslumanns 1991. Þessar yfirlýsingar voru allar gefnar af háöldruðum mönnum um þá löngu liðna tíð, og hafa ekki verið staðfestar nokkru sinni fyrir hlutlausum aðila. Þá er að framan lýst öðrum atriðum sem draga úr gildi yfirlýsinganna, m.a. tengslum Ágústs við málshefjanda þá. Þá hlýtur að draga úr vægi þeirra að málshefjandi þá ákvað, þrátt fyrir þær, frá að hverfa og hefur málinu ekki verið hreyft síðan, eða í um þrjá áratugi.

60. Þessar yfirlýsingar, augljós tildrög þeirra og skírskotun til örnefnalýsinga Þorleifs Jóhannessonar endurspeglar að mati dómsins það á hve veikum grunni málatilbúnaður stefnenda byggist. Engar aðrar heimildir styðja þannig stefnukröfur og heldur ekki framangreind atriði sem hafa má til hliðsjónar ef heimildir eru af skornum skammti. Ef á kröfur stefnenda væri fallist yrði það í grunninn byggt á óstaðfestri örnefnalýsingu andpænis þinglýstum landamerkjum sem ekki hefur verið hreyft við eða sýnilega gerður alvarlegur ágreiningur um í hartnær 140 ár.

61. Kort sem aðilar á vegum landnýtingardeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins gerðu í tengslum við gróður- og jarðakort Rala frá 1988 verður heldur ekki lagt til grundvallar í málinu gegn eindreginni neitun stefnda sem kveður alrangt að þau merki hafi verið dregin eftir fyrir sögn eigenda jarðanna, þ.e. Hauks Haukssonar á Arnarstöðum og Guðmundar Gíslasonar frá Kársstöðum, föður stefnda, sumarið 1985. Kortinu var ekki ætlað að skera úr um eða ákvarða merki milli jarða og það var ljóslega ekki tilgangur með kortagerðinni og öðru enda ekki verið haldið fram. Þrátt fyrir að vitnið Guðmundur Guðjónsson hafi staðhæft fyrir dómi að merki hefðu ekki verið dregin með þessum hætti nema fyrir hefði legið samþykki beggja landeigenda, þá blasir við að þessi niðurstaða er hvergi staðfest formlega af framangreindum, a.m.k. ekki eiganda Kársstaða, og fyrir liggur að sá var augljóslega annarrar skoðunar einungis sex árum síðar, þ.e. 1991 þegar mótaðilinn vildi láta á reyna. Í yfirlýsingu frá Guðmundi Guðjónssyni, sem kom að kortagerðinni, frá 28. október 1992, sem svar við fyrirspurn þáverandi lögmanns eiganda Úlfarsfells, sem ekki er upplýst af hvaða tilefni var sett fram, er enda tekið þannig til orða að honum *virtist* samkvæmt gögnum málsins að eigendur hefðu verið sammála um merki eins og þau voru dregin samkvæmt gróðurkortinu. Framburður Guðmundar fyrir dómi var alls

ekki afdráttarlaus, m.a. um hlut hans og Gylfa Mús Guðbergssonar, prófessors í landafræði, við Háskóla Íslands og verkaskiptingu þeirra á milli, en Gylfi vann með vitni að kortagerðinni og virðist samkvæmt framburðinum hafa meira um landamerkjasetningu að segja en vitnið sjálft. Lýsing sem vitnið las upp í skýrslu sinni úr gögnum sínum var nokkuð áþekk lýsingu í framangreindri örnefnalýsingu Þorleifs Jóhannessonar sem virðist þar sem fyrr vera frumuppspretta stefnukrafna málsins, í þeim skilningi að hún á sér enga skírskotun í eldri heimildir. Í þessu sambandi athugast að umrætt gróðurkort var lagt fram í því máli sem að framan er lýst og rekið var fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1991 án þess að hafa þar nokkur sjáanleg áhrif á stöðu aðila eða afdrif málsins sem var hafið fljótlega eftir höfðun þess í ágúst 1991 eða með bókun í þingbók 10. janúar 1992.

62. Tilvísun til samantektar Guðbrands Sigurðssonar, hreppstjóra á Svelgsá, í ársriti Skógræktarfélag Íslands 1958, þar sem hann lýsti skóglendi í Helgafellssveit, er ekki afgerandi fyrir málið. Þar vísar hann til þess að helsta skóglendi Úlfarsfells hafi verið Vaðalshöfði og allt land milli Hnappár og Úlfarsár, en jafnframt um skóglendi Örlygsstaða að það hafi m.a. verið land sunnan Hnappár, sem gæti þá allt eins skarast á við kröfugerð stefnenda.

63. Eftir stendur að landamerkjabréf, eða eftir atvikum skjal undirritað í júlí 1884, sem má öldungis jafna til landamerkjabréfs, var undirritað af réttum umboðsmanni eigenda beggja jarðanna og af leiguliða Örlygsstaða a.m.k. Ekki hefur verið sýnt fram á það í málinu að undirskrift leiguliða hafi verið nauðsynlegt skilyrði þess að landamerkjaskrá hefði gildi, enda skjalinu vart verið þinglýst undir þeim kringumstæðum sbr. framangreind sjónarmið um tildrög þessarar skráningar á merkjum og eftirlit valdsmanna með rétttri skráningu og að þar til bærir aðilar kæmu að. Verður þetta ekki ráðið af 1. eða 3. gr. lagandamerkjalaga nr. 5/1882 a.m.k. verður sú ályktun alls ekki dregin af lagatextanum að skortur á undirritun umráðamanns jarðar gæti varðað því að merkjalýsing yrði talin markleysa. Lögskýringargögn styðja heldur ekki slíka niðurstöðu. Þar athugast reyndar að þótt fyrir liggi að Þórarinn Árnason hafi gerst leiguliði árið 1882 á Úlfarsfelli og þar með væntanlega umráðamaður jarðarinnar, eins og rætt er um í lögunum, liggur ekki fyrir hver hafi verið leiguliði 1884 heldur ráðgert í stefnu málsins að það hafi áfram verið Þórarinn. Varðandi heimildir umráðamanns samkvæmt lögunum og þá væntanlega leiguliða má t.a.m. líta til ákvæða 11. gr. laganna um göngu á merki þegar ágreiningur hefur risið og 13. gr. þegar eigandi býr eigi á jörðu eða í öðru lögsagnarumdæmi, sem undirstrika, eðli máls samkvæmt, forræði eiganda yfir jörðu umfram umráðamann eða

ábúanda. Undir merkjaskrána frá 1884, sem málið hverfist um, sem er lögð fram í endurriti og varðar merki nokkurra samliggjandi jarða, rita í lokin tólf einstaklingar ásamt Ásmundi Sveinssyni. Ekki er kunnugt um að merki samkvæmt skjalinu vegna annarra jarða hafi verið vefengd áður.

64. Það geta ekki verið annað en hreinar getgátur stefnenda að telja að Ásmundur Sveinsson umboðsmaður hafi ekki þekkt til landamerkja milli jarðanna eða að undirritun hans hafi verið undir einhverjum óeðlilegum þrýstingi frá stjórnvöldum og ekkert sem bendir til að sú hafi verið raunin. Því hefur þannig ekki verið hnekkð að réttmætir og til þess bærir aðilar hafi staðfest í landamerkjaskrá merki sem þeir töldu rétt og hafa að mestu allar götur síðan verið talin rétt. Önnur rök stefnenda fyrir því að merkin hafi verið röng, sem einkum byggjast á einhliða örnefnalýsingum í grunninn og síðari yfirlýsingum byggðum á þeim, megna alls ekki að hnekkja þinglýstum merkjum jarðanna.

65. Niðurstaða dómsins er því sú að landamerki milli Úlfarsfells og Örlygsstaða sem fram koma í landamerkjaskrá Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 1884 séu hin réttu þar til annað sannast, en slík sönnun hefur ekki tekist í máli þessu.

66. Dómurinn telur engin lagarök standa til þess að landamerkjaskránni verði vikið til hliðar með vísan til 36. gr. samningalga nr. 7/1936, á grundvelli þess að hún sé bersýnilega ósamngjörn í garð stefnenda þar sem eigendur Úlfarsfells kannist ekki við þau merki sem þar er lýst, en jafnframt bent á að eigendur hafi nýtt jarðirnar í samræmi við stefnukröfur. Dómurinn telur þessa málsástæðu stefnenda með öllu haldlausu en ella vanreifaða. Nægir í því sambandi að nefna að hér er deilt um þinglýst landamerki sem stafa í öndverðu frá eiganda beggja jarðanna. Jafnframt að sá sem stefnendur leiða rétt sinn af keypti jörðina árið 1970 af íslenska ríkinu á grundvelli laga frá Alþingi og mátti vera kunnugt um þinglýst merki jarðarinnar sem og þeim er síðar hafa eignast jörðina.

67. Kröfum stefnenda sem þau setja fram í formi varakröfu um að þau hafi hefðað það landsvæði sem hér er ágreiningur um, sem er þó í raun önnur málsástæða fyrir því að fallast beri á aðalkröfu, verður einnig hafnað. Ekkert liggur fyrir um annað en að landið hafi a.m.k. um áratugaskeið verið nýtt sem beitarland fyrir alla nærliggjandi bæi. Yfirlýsing Ágústs Lárussonar um kaup ábúanda á Örlygsstöðum á vetrarheit á Vaðilshöfðabökkum getur ekki

vegið þungt og a.m.k. ekki þá þyngra en framburður Bjarna Þórs Bjarnasonar frá Svelgsá sem varð ekki skilinn öðruvísi en svo að fé bænda frá öllum nærliggjandi bæum hefði gengið um landið og m.a. fé frá bændum í Miklaholtshreppi og Hrísum þangað verið sótt í leitum. Ósannað verður að telja að stefnendur eða forverar þeirra hafi haft þau sérstöku not af svæðinu sem réttlætt geti hefðarrétt, og þá hvenær slík óslitin not hafi hafist. Á það við m.a. um einhver not vegna berjatínslu og silungsveiði, sbr. framangreint, sem og um uppsetningu forvera stefnenda á hliði sem stefndi kveðst ekki hafa amast við þar sem það hafi ekki truflað umferð hans um landið. Verður enda ekki séð að eigendur Úlfarsfells hafi þannig afmarkað með afgerandi hætti þrætulandið þannig að girt hafi verið fyrir umferð annarra eða afnot, þótt vafalítið hafi eigendur Úlfarsfells einir staðið fyrir skógrækt á hluta landsins. Námaréttindi á jörðunum fylgdu ekki með við afsal þeirra frá ríkinu á sínum tíma og afskiptalaus efnistaka stefnenda eftir atvikum úr þrætulandinu breytir því engu í þeim efnum. Dómurinn telur því með öllu ósannað að skilyrði hafi skapast til að telja að stefnendur hafi öðlast eignarréttindi yfir þrætulandinu fyrir hefð eftir ákvæðum laga nr. 46/1905 en strangar kröfur verða gerðar í þeim efnum sbr. dómafordæmi.

68. Að virtu öllu framangreindu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnenda í málinu.

69. Stefndi hefur sjálfur farið með mál sitt fyrir dómnum og því eru ekki efni til að ákvarða honum málskostnað líkt og hefði hann notið aðstoðar lögmanns en vafalaust er þó að málareksturinn hefur skapað honum fyrirhöfn og einhvern kostnað. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og samkvæmt kröfu stefnda verður stefnendum því gert að greiða stefnda sameiginlega málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 400.000 krónur. Stefán B. Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður flutti málið fyrir hönd stefnenda.

70. Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Gunnar Helgi Guðmundarson, er sýknaður af kröfum stefnenda.

Stefnendur, Andrés Þór Hinriksson og Sif Gunnlaugsdóttir, greiði sameiginlega stefnda 400.000 krónur í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson